

Ríkislögreglustjórinn – Efnahagsbrotadeild  
Skúlagata 21, 101 Reykjavík. Símbref: 4442501

28. mars 2010.

## Kæra undanskot eigna DV

Fréttavefurinn DV.is hefur í dag tilkynnt um að útgáfa blaðsins DV og vefsins dv.is hafi verið fært úr Birtingur ehf og að kauparðið sé trúnaðarmál.

Þeim sem þekkja til þessa máls má vera ljóst að hér er um gróft undanskot eigna að ræða.

Birtingur ehf er gjaldþrota eignarlaust félag eins og fram kom í kærri undirritaðs til Ríkislögreglustjóra þann 15 febrúar s.l. Þar kom einnig fram að útgáfa DV hefur margsinnis áður verið færð með svipuðum hætti úr félögum sem síðan hafa verið sett í þrot og kröfuhafar skildir eftir með sárt ennið.

Undirritaður hefur verið með í undirbúningi stefnu á hendur útgefendum DV vegna margvíslegra ærumeiðinga sem blaðið og vefurinn dv.is hafa birt um undirritaðann á undanförunum misserum. Um er að ræða á annan tug ærumeiðinga, m.a. gersamlega tilhæfulausan áburð um að undirritaður hafi falsað nöfn frambjóðenda á framboðslista í tengslum við síðustu alþingiskosningar. Þetta athæfi DV var kært til Lögreglustjórans í Reykjavík þann 23 apríl s.l. og 14 nóvember s.l. og þess óskað að þessi grófa ærumeiðing og alvarlegi áburður um skjalafals yrði rannsakað af lögreglunni. Í tilkynningu um svokallaða „nýja eigendur“ DV kemur fram að Lilja Skaftadóttir fyrrum frambjóðandi Borgarahreyfingarinnar og stjórnarmaður flokksins í ofangreindum kosningum sé stærsti hluthafinn. Þetta gefur enn frekari ástæðu til þess að lögreglan rannsaki hvað lág að baki ofangreindri umfjöllun DV sem augljóslega var til þess gerð að hafa áhrif á kosningarnar með ólöglegum hætti og grafa undan framboði Lýðræðishreyfingarinnar.

Undirrituðum er kunnugt um að aðrir sem hafa dæmdar miskabætur vegna ærumeiðinga DV hafa verið í vandræðum með að innheimta bæturnar frá útgefanda DV. Nú er ljóst að verið er að endurtaka kennitölufлакkið enn eina ferðina til þess eins að komast hjá því að taka ábyrgð á útgáfunni enda hefur DV fengið á sig slíka dóma nánast í hverjum mánuði undanfarin ár. Sumir lögfræðingar eru farnir að vísa til aðstandenda DV sem „Síbrotamenn á sviði ærumeiðinga“.

Þess er krafist að Lögreglan grípi tafarlaust til aðgerða til að koma í veg fyrir enn eitt undanskotið á eignum DV. Útilokað er að setta sig við að fjölmiðill hafi lífsviðurværi af ærumeiðingum og skjóti sér síðan undan ábyrgð með reglubundnu kennitölufлакki.

Virðingarfyllst,



Ástþór Magnússon

[thor@lydveldi.is](mailto:thor@lydveldi.is)

Vogasel 1, 109 Reykjavík.